

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1971.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## **HAFNARREGLUGERÐ**

**fyrir Neskaupstað.**

### **I. KAFLI**

#### **TAKMÖRK HAFNARINNAR**

##### **1. gr.**

Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes. Skiptist höfnin í ytri höfn og innri höfn.

- a. Ytri höfnin tekur yfir svæðið frá ytri takmörkum hafnarinnar að fjarðarbotni. Í henni er hafnarlega og allt viðlegupláss meðfram strandlengjunni norðanverðri frá Neseysi að Vindheimi.
- b. Innri höfnin er allt hafnarsvæðið og viðlegupláss innan ytri takmarka sjóvarnargarða, er ganga í sjó fram úr fjarðarbotninum.

### **II. KAFLI**

#### **STJÓRN HAFNARINNAR**

##### **2. gr.**

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

##### **3. gr.**

Hafnarstjórn hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs undir yfirumsjón bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum og 5 varafulltrúum, er bæjarstjórn kýs hlutfallskosningu þannig: 3 aðalfulltrúar og 3 varafulltrúar úr hópi bæjarfulltrúa, en 2 aðalfulltrúar og 2 varafulltrúar utan bæjarstjórnar.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og annarra fastanefnda bæjarstjórnar.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra.

Bæjarstjóri hefur rétt til fundarsetu í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögu-rétti.

Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Skal hann sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögu-rétti. Heimilt er hafnarstjórn að kjósa hafnarstjóra formann hafnarstjórnar.

Undir stjórn hafnarstjórnar annast hafnarstjóri allar daglegar framkvæmdir og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum þar að lútandi.

## 4. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ráða svo marga fasta starfsmenn, sem þurfa þykir, að fengnum tillögum hafnarstjórnar, sem setur þeim, svo og hafnarstjóra, erindisbréf.

### III. KAFLI UM ALMENNA REGLU

## 5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra, sem hann eða hafnarstjórn setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

## 6. gr.

Þeim, sem ekkert löglegt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf, sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka og hafnarsvæði.

Stranglega er bannað að leggja hluti til geymslu á bryggjum eða hafnaruppfyllingum, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra.

## 7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni, svo og á hafnarsvæðinu og fara eftir reglugerð um brunamál, XII. kafla, 88. gr., sem gefin er út skv. lögum nr. 37. 1. apríl 1948.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað, sem eldhætta getur stafað af, í skipum í höfninni svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnaryfirvalda. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema fyllstu varúðar sé gætt. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði, sem unnið er að affermingu eða fermingu eldfimra efna.

Notkun skotvopna er bönnuð, án leyfis, á höfninni og sérstaklega skal gæta þess, að fugladráp á höfninni eigi sér ekki stað.

Þá er skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á höfninni, nema umferð gefi tilefni til eða af öðrum nauðsynlegum ástæðum.

## 8. gr.

Öllum skipum, farartækjum, svo og verksmíðjum eða öðrum, er stranglega bannað að dæla, kasta eða láta renna í höfnina olíur, lýsi eða annað slíkt, er valdið getur mengun sjávar, og ber að hlíta í öllu reglum um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, nr. 8 20. janúar 1971.

Í höfnina má ekki kasta kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, virum, köðlum, vöruleifum, vöruumbúðum eða öðru þess háttar.

## 9. gr.

Geymsla á tómum benzintunnum eða ílátum undan eldfimum efnum, svo og öðru, sem sprengju- eða eldhætta getur stafað, af, er bönnuð á bryggjum, hafnarbökkum eða á hafnarsvæðinu.

**10. gr.**

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir eða neitt það, sem getur valdið óþrífnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjórnar komi til hverju sinni.

**11. gr.**

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, þetta eldri skip eða framkvæma viðgerðir á þeim á annan hátt, nema leyfi hafnarstjórnar komi til. Einnig þarf leyfi hafnarstjórnar eða hafnarstjóra til þess að leggja skipum í fjörur hafnarinnar. Báta, sem ekki eru notaðir að jafnaði, má ekki geyma á stöðum, þar sem þeir eru, að dómi hafnarstjórnar eða lögreglustjóra, til óþrífnaðar eða óþæginda.

**IV. KAFLI****UM LEGU SKIPA OG UMFERÐ ÞEIRRA Á HÖFNINNI.****12. gr.**

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far.

**13. gr.**

Þegar skip leitar hafnar skal skipstjóri eða umboðsmaður þess tafarlaust snúa sér til hafnarstjóra, er vísar honum á legustað fyrir skipið.

**14. gr.**

Skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boði og banni hafnarstjórnar eða starfsmönnum hennar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja skipum svo nærri bryggjum, að eigi sé, að dómi hafnarstjórnar, nægilegt og gott pláss fyrir önnur skip að komast að og frá, né heldur má setja net eða dufl svo nærri bryggjum, að aðgangur verði ógreiður skipum.

Skip mega aldrei leggja svo út frá sér strengi eða önnur festartæki að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

**15. gr.**

Ef sjúkdómur er á skipinu eða ástæða þykir til að ætla að sóthætta geti stafað af því, ber hafnarstjóra að sjá um að fylgt sé þeim reglum, sem settar eru í lögum um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

**16. gr.**

Í hverju skipi, að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarstjórnar til að liggja mannláus við festar á höfninni, skal jafnan vera einn maður, að minnsta kosti, er tekið geti á móti fyrirskipunum hafnarstarfsmanna og séð um, að þær verði framkvæmdar, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

**17. gr.**

Skipum, sem heima eiga í Neskaupstað, eða gerð eru út þaðan og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina. Hafnarstjórn getur ákveðið hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má flytja legugögn skips sína, nema með leyfi hafnarstjórnar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis hafnarstjórnar.

**18. gr.**

Tregðist eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipun hafnarstjórnar eða umsjónarmanna hennar, um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni, getur hafnarstjórn látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

**19. gr.**

Eigi má festa skip við uppfyllingar eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða uppfyllingum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast, að úr því sé bætt tafarlaust.

Skipum er skylt að hafa tryggar hlifar milli skips og bryggju eða uppfyllingar.

**20. gr.**

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjórnar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarstjórn látið færa skipið burt á kostnað eiganda og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

**21. gr.**

Skip mega ekki láta vélar, viðtengdar skrúfum, ganga með svo miklu afli að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi af því hætta.

**V. KAFLI****NOTKUN Á HAFNARBRYGGJUM OG MANNVIRKJUM****22. gr.**

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni auglýstri ferða-áætlun og flytja póst, hafa að öðru jöfnu rétt til þess að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggja þar fyrir, og verða þau að víkja á meðan hin eru afgreidd. Ekkert skip getur þó krafizt þess, að komast fyrirvalaust að bryggju, þegar það kemur á höfnina, nema hafnarstjóra hafi verið tilkynntur komutími þess með nægilegum fyrirvara, ef rýma þarf viðlegupláss. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjórnar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarstjórn vísað skipum frá bryggjum, áliti hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip komast að bryggjum.

**23. gr.**

Ef skipstjóri óskar eftir starfsmanni hafnarinnar um borð í skip sitt til að leiðbeina sér við að leggjast að bryggju, eða annarrar fyrirgreiðslu, skal skipið greiða þá þjónustu eftir reikningi hafnarstjórnar. Hafnarstjóri getur krafizt þess, hvenær sem er, ef hann telur nauðsyn á, að hann eða aðrir, sem hann tilnefnir, verði á skipsfjöl til leiðbeiningar við að leggja skipi að bryggju, eða sigla skipi inn í innri höfnina.

**24. gr.**

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða uppfyllingar, sé lagt hveru við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm.

Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipa, sem utar liggja heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, er nær liggja.

## 25. gr.

Ekki mega skip hleypta vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypta burt vatni á annan hátt. Búa skal svo um með hlífum að vatnið fari beint í höfnina.

## 26. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarstjórn láta gera það á þeirra kostnað.

## 27. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða láttnar í skip, mega ekki liggja á bryggjum eða uppfyllingum og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjórnar. Skal flytja burt muni og vörur jafnskjótt og hún krefst þess.

Hafnarstjórn getur heimtað gjald eftir vörur, sem láttnar eru liggja á landi hafnarinnar.

## 28. gr.

Áður en kjölfesta er flutt á skip eða úr skipi, skal hafnarstjóra gert viðvart og ákveður hann þá hvar losun eða lestun kjölfestunnar fer fram. Skipstjóri skal sjá um, að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið á land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

Við losun eða lestun á kjölfestu, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega tryggar hlífar á milli skipsins og hafnarbakka svo ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki nægilega gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið unz umbætur hafa farið fram.

## VI. KAFLI

HAFNARMANNVIRKI EINSTAKRA MANNA OG FÉLAGA  
INNAN HAFNARINNAR.

## 29. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða mannvirki, né heldur breyta eða auka við þau mannvirki, sem fyrir eru og ekki fylla upp eða dýpka frá landi, nema bæjarstjórn hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarstjórnar, og gildir leyfið aðeins til eins árs, sé það látið ónotað. Að öðru leyti gilda reglur samkv. IV. kafla hafnalaga nr. 48/1967, 17. gr.

## VII. KAFLI

## UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

## Lestargjöld.

## 30. gr.

Öll skip, 12 rúmlestir brúttó og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld er þau koma á Neskaupstaðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

## 31. gr.

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið, eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjald (lestargj.) einu sinni á ári, sem hér segir: Vélbátar frá 5—30 rúmlestir brúttó greiði kr. 40.00 af hverri brúttórúmlest, vélbátar 30—70 rúmlestir brúttó greiði kr. 10 000.00 árlegt gjald, vélbátar 70—100 rúmlestir brúttó greiði kr. 15 000.00 árlegt gjald, og stærri skip

greiði árlegt gjald kr. 25 000.00. Vélbátar undir 5 rúmlestir brúttó greiði árlegt gjald kr. 200.00.

Gjalddagi er 1. júlí ár hvert.

- B. Innlend fiskiskip greiði kr. 2.00 af hverri brúttórúmllest.
- C. Innlend strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði kr. 1.20 af hverri brúttórúmllest.
- D. Öll önnur skip, er til hafnar koma og hafa samband við land, greiði kr. 2.40 af hverri brúttórúmllest, eins og hún mælist mest, í hvert sinn er þau koma á höfnina.

#### Bryggjugjöld.

##### 32. gr.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skulu greiða bryggjugjöld af brúttóstærð skipsins, eins og hún mælist mest, sem hér segir:

- A. Af öllum aðkomuskipum greiðast kr. 1.40 fyrir hverja brúttórúmllest hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.
- B. Skip heimilisföst í Neskaupstað, eða eign búsettra manna í Neskaupstað, skulu greiða kr. 16.00 af hverri brúttórúmllest einu sinni á ári. Gjalddagi er 1. júlí.

##### 33. gr.

Herskip, skemmtiferðaskip og íslenk vitaskip og varðskip, skip sem leita hafnar vegna illviðris eða sjóskaða og þau, sem eingöngu leita hafnar til að leggja á land sjúka menn og látna, eru undanþegin gjöldum samkvæmt 31. gr. og 32. gr. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði hálflestargjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju.

#### Vörugjöld.

##### 34. gr.

Vörugjöld skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað skip, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

##### 35. gr.

Ef vörur, sem skv. farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Neskaupstaðar og eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru þær vörur, sem látnar eru á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi, og þær vörur, sem settar eru á land úr skipi og fara um borð í sama skip aftur, enda sé það tekið fram á farmskrá skipsins til hvaða hafna þær eiga að fara.

##### 36. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin nota.
- b. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.

##### 37. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil eining, en minna broti en hálfri gjaldeiningu sleppt.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða

affermt. Þyki hafnarskrifstofunni ástæða til getur hún hvenær sem er ákveðið vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í vörusendingunni og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

### 38. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og greiða gjald eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hvaða flokki skuli telja vörur, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

## Vörugjaldskrá.

### 39. gr.

#### A. BROTTFLUTTAR OG AÐFLUTTAR SJÁVARAFURÐIR

1. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg.  
Ísaður fiskur, saltfiskur, fiskimjöl, síldar- og loðnumjöl, lýsi, söltuð síld, söltuð hrogn.
2. flokkur: Gjald kr. 7.00 fyrir hver 100 kg.  
Hraðfrystar sjávarafurðir ótalið annars staðar, verkaður saltfiskur, söltuð fiskflök, ný fiskflök, söltuð og súrsuð síldarflök og sjávarafurðir ótalið annars staðar.
3. flokkur: Gjald kr. 9.00 fyrir hver 100 kg.  
Niðursuðuvörur alls konar, humar, rækja, frystur skelfiskur, skreið og harðfiskur.
4. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hver 100 kg.  
Loðna, kolmunnur, spærlingur og gulllax, sem landað er til bræðslu.
5. flokkur: Gjald kr. 1.50 fyrir hver 100 kg.  
Síld, sem landað er til bræðslu.
6. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg.  
Síld, loðna og bolfiskur, sem landað er til söltunar, frystingar, niðurlagningar eða niðursuðu og hvers konar annarrar vinnslu.

#### B. BROTTFLUTTAR OG AÐFLUTTAR VÖRUR.

7. flokkur: Gjald kr. 5.00 fyrir hver 100 kg.  
Kol, koks, salt, tilbúinn áburður, fóðurvörur, kornvörur, matvörur í stórum umbúðum, garðávextir, steypustyrktarjárn, smiðajárn, steinefni til bygginga, sement, keðjur, kaðlar, vírar, veiðarfæri og aðrar þungavörur.
8. flokkur: Gjald kr. 6.00 fyrir hver 100 kg.  
Oliur alls konar og benzín.
9. flokkur: Gjald kr. 8.00 fyrir hver 100 kg.  
Smávélar, bifreiðar, alls konar varahlutir, rafmagnsvörur, fiskumbúðir, alls konar byggingarvörur ótaldar annars staðar, málning og málningarefni og allar vörur ótaldar annars staðar, sem reiknast eftir þyngd.

10. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hver 100 kg.  
Vefnaðarvara, skótau, gosdrykkir, matvörur í smærri umbúðum, efnavörur til iðnaðar.

### C. VÖRUR SEM REIKNAST EFTIR RÚMMÁLI OG STYKKJATÖLU.

11. flokkur: Gjald kr. 1.00 fyrir hvert teningsfet.  
Trjáviður.
12. flokkur: Gjald kr. 2.00 fyrir hvert tengingsfet.  
Húsgögn, hljóðfæri og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
13. flokkur: Gjald fyrir hvert stykki:  
Stórgripir kr. 30.00, sauðfé og loðdýr kr. 10.00, tómar tunnur og kassar kr. 4.00.

### Ýmis gjöld til hafnarinnar.

#### 40. gr.

Vatnsgjald, vigtargjald, leiga á áhöldum hafnarinnar og aðstoð veitt af starfsmönnum hafnarinnar greiðist eftir gjaldskrá eða ákvörðun, sem hafnarstjórn setur hverju sinni, nema samningar komi til.

Fyrir lóðir og lendur hafnarinnar, geymsluhús, dráttarbraut og aðrar fasteignir hafnarsjóðs, sem leigt er einstaklingum og félögum, um lengri eða skemmri tíma, svo og aðstöðu, sem veitt er á bryggjum eða hafnarmannvirkjum, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningi við hafnarstjórn.

## VIII. KAFLI

### INNHEIMTA OG GREIÐSLA HAFNARGJALDA

#### 41. gr.

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

#### 42. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra eða hafnarskrifstofunni þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipinu, unz gjöld eru greidd. Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur fengið afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá hafnarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar. Sama gildir um skip, sem um getur í 31. gr. A lið og í 32. gr. B lið, hafi gjöldin eigi verið greidd í árslok það ár, sem þau féllu í gjalddaga.

Aðila, sem kaupir fisk af fiskiskipi, ber að halda eftir af aflaverðmætinu nægilegri upphæð til að greiða hafnarsjóði öll gjöld, sem skipinu ber að greiða honum.

#### 43. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið, er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu.

#### 44. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og önnur opinber gjöld, skv. IV. kafla hafnalaga 12. gr. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir öllum samningsveðskuldum.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem hafnargjald, bryggjugjald og önnur sú aðstoð, sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

### IX. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

#### 45. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningi verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveim óvilhöllum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð lauk.

Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

#### 46. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni, eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjórnar.

#### 47. gr.

Hafnarstjóra skal tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

#### 48. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

#### 49. gr.

Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjórnar eða hafnarstjóra með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjórn að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

## 50. gr.

Hafnarstjórn getur hvenær sem er, með boði til ákveðinna skipa eða með auglýsingum um almenna reglu, takmarkað siglingahraða skipa á höfninni.

## 51. gr.

Brot gegn reglugerð þessari eða reglum, sem hafnarstjórn kann að setja, samkvæmt heimild í þessari reglugerð og auglýsir, varðar sektum allt að kr. 100 000.00. Sektirnar renna í hafnarsjóð Neskaupstaðar.

## 52. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 190 5. nóvember 1963 með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 26. apríl 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

fyrir vatnsveitu Vestur-Landeyjahrepps í Rangárvallasýslu.

## 1. gr.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns í Vestur-Landeyjahreppi.

## 2. gr.

Hreppsnefnd Vestur-Landeyjahrepps hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar, en nefndin getur kosið eða ráðið einn eða fleiri menn til að annast rekstur veitunnar.

## 3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um allar Vestur-Landeyjar, þannig að hver vatnsnotandi hafi greiðan aðgang að tengja við veituna í mest 5 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi eða öðru húsi þess í stað. Frá þeirri tengingu skal hver vatnsnotandi leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

## 4. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Skylt er húseiganda eða landeiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

## 5. gr.

Hreppsnefnd getur látið loka fyrir vatnið vegna viðgerða á vatnsæðum. Slíka lokun skal tilkynna fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó að